

**49. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðarvegi 6,  
24. janúar 2017 og hófst hann kl. 09:15**

**Fundinn sátu:**

Yngvi Ragnar Kristjánsson oddviti, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir oddviti,  
Sigurður Böðvarsson aðalmaður, Friðrik K. Jakobsson aðalmaður, Helgi  
Héðinsson aðalmaður og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir því að bæta einu máli á dagskrá með afbrigðum:  
Fráveitumál í Skútustaðahreppi - 1701019  
Samþykkt samhljóða að bæta málinu við undir dagskrárlíð nr. 16.

**1. Landvernd: Kæra nr. 10/2017 vegna Hótel Laxár – 1701016**

*Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 13. janúar 2017 þar sem fyrir var tekið mál nr. 10/2017, þar sem kærðar eru ákvarðanir byggingafulltrúa Skútustaðahrepps um hótélbyggingu Hótel Laxár ehf. og tengdar framkvæmdir. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Samþykkt samhljóða að fela skipulagsfulltrúa, sveitarstjóra og oddvita í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins að fylgja málinu eftir.*

**2. Landvernd: Kæra nr. 11/2017 vegna Sel-Hótel - 1701015**

*Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 13. janúar 2017 þar sem fyrir var tekið mál nr. 11/2017, þar sem kærðar eru ákvarðanir byggingafulltrúa Skútustaðahrepps um endurbyggingu Sel-Hótel og tengdar framkvæmdir. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Samþykkt samhljóða að fela skipulagsfulltrúa, varaoddvita og sveitarstjóra í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins að fylgja málinu eftir. Yngvi Ragnar Kristjánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

**3. Álagning fasteignagjalda: Íbúðarhúsnæði með leyfi til rekstur gististaðar í flokki I - 1701018**

*Frá og með síðustu áramótum var heimagisting í flokki I ekki lengur leyfisskyld hjá sýslumanni, hún er eingöngu skráningarskyld. Sérstakt lagaákvæði er komið um að heimagisting sem uppfyllir skilyrði laganna telst ekki fara fram í atvinnuhúsnæði í skilningi laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Frá og með áramótum var því bannað að setja álagningu fasteignaskatts á gististöðum í flokki I (heimagistingu) í atvinnuflokk. Öll rekstrarleyfi sem voru gefin út fyrir áramót á grundvelli laga nr. 85/2007 um gististaði o.fl. (sem breyttust síðan um áramótin) halda gildi sínu þar til þau renna út. Vegna þessara lagabreytinga og úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar nr. 21/2016 er eftirfarandi tillaga lögð fram:*

*Álagning fasteignagjalda á fasteignir sem leyfi hafa til reksturs gististaða  
Ef afnotum fasteignar sem metin er sem ein heild er á þann veg háttað að greiða  
ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr.  
laga nr. 4/1995, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka,  
sbr. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 að viðbættu álagi sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr.  
4/1995 sem Skútustaðahreppur hefur nýtt sér. Skal eiganda veittur andmælaréttur  
áður en hlutfallsleg skipting er ákveðin í upphafi eða henni breytt.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Lagðar fram verklagsreglur um álagningu fasteignagjalda á húsnæði nýtt til útleigu ferðamanna.*

*Samþykkt samhljóða.*

**4. Mývatnsstofa: Samningamál - 1611033**

*Lögð fram beiðni Mývatnsstofu um nýjan þjónustusamning við Skútustaðahrepp ásamt greinargerð og rekstraráætlun. Atvinnumálanefnd og félags- og menningarmálanefnd hafa tekið erindið til umfjöllunar að beiðni sveitarstjórnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og varaoddvita að ræða við Mývatnsstofu um framhald málsins í samræmi við umræður á fundinum og bókanir nefndanna varðandi mögulegar útfærslur á nýjum samningi eða starfshlutfall á vegum sveitarfélagsins sem taki á menningartengdum viðburðum að hluta. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að upplýsingagjöf til ferðamanna verði fram haldið og er í því samhengi fyrirhugað samtal við þar til bærar stofnanir.*

**5. Héraðsnefnd Þingeyinga: Sameiginleg barnaverndarnefnd - 1701017**

*Aðildarsveitarfélög HNP bs. hafa falið fulltrúaráði byggðasamlagsins að kjósa sameiginlega barnavemdarndarnefnd, Barnavarnarnefnd Þingeyinga, á grundvelli 3. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, skv. tilnefningum sveitarfélaganna. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við samsetningu nefndarinnar og telur nauðsynlegt að öll sveitarfélögin eigi þar sinn fulltrúa eða varafulltrúa á fundum nefndarinnar. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir í framkvæmdastjórn HNP.*

**6. Endurnýjun yfirdráttarheimildar: 2017 - 1701004**

*Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra heimild til að sækja um yfirdráttarheimild hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga, allt að 45 milljónir króna, til daglegrar fjármálastjómunar ef þörf krefur. Heimildin gildi til 31. desember 2017. Sambærileg heimild var lítið notuð á síðasta ári.*

**7. Fjármál: Rekstrarniðurstaða 2016 - 1701005**

*Lagt fram til kynningar bráðabirgðayfirlit um rekstur sveitarfélagsins fyrir árið 2016 og samanburður við fjárhagsáætlun. Reksturinn var almennt í samræmi við áætlanir.*

**8. Málefni Skútusjóðs - 1701014**

*Í samræmi við ráðleggingar endurskoðanda er lagt til að sjóðnum verði slitið enda samrýmist það ekki starfsemi sveitarfélaga að standa í lánastarfsemi. Þær eignir sem kunnir að vera eftir renni til góðs málefnis í anda sjóðsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að slíta Skútusjóði og felur félags- og menningarmálanefnd að koma með tillögu um ráðstöfun sjóðsins.*

**9. Lögreglusamþykkt: Endurskoðun - 1612020**

*Lögð fram drög að lögreglusamþykkt fyrir Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn samþykkir að hún fari í frekari rýni og verði lögð fram að nýju á næsta sveitarstjórnarfundum til fyrri umræðu. Á milli umræðna verði lögreglusamþykktin birt á heimasíðu hreppsins og óskað eftir athugasemdum frá íbúum Skútustaðahrepps.*

**10. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024**

*Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfundum. Skýrslan verður jafnframt birt á heimasíðu sveitarfélagsins.*

**11. Félags- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1701001**

*Fundargerð frá 12. fundi félags- og menningarmálanefndar frá 17. janúar 2017*

*YRK*

*lögð fram. Fundargerðin er í þremur liðum.*

*Liður 1: Mývatnsstofa - samningamál. Sá liður hefur þegar verið tekinn til umfjöllunar sveitarstjórnar undir dagskrárlíð 4.*

*Liður 2: Bárðarbás - umsókn um styrk frá Laufeyju Sigurðardóttur. Sveitarstjórn samþykkir að félags- og menningarmálnefnd aðstoði Laufeyju að sækja um styrk í verkefnið í Uppbyggingarsjóð sem er hluti af samningi um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019. Sjóðurinn veitir verkefnastyrki m.a. til menningarverkefna.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti og tekur undir bókun nefndarinnar í 3. lið að hvetja íbúa og samtök sveitarfélagsins til að sækja um í sjóðinn, umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar n.k.*

**12. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022**

*Fundargerð skipulagsnefndar frá 17. janúar 2017. Fundargerðin er í sex liðum.*

*Liður 5. Reykjahlíð. Nafngift á nýrri götu.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að ný gata sem liggur til vesturs frá Múlavegi milli Múlavegar 1 og 3 verði nefnd Sniðilsvegur.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

**13. Atvinnumálanefnd: Fundargerðir - 1611049**

*Fundargerð frá 5. fundi skipulagsnefndar frá 23. janúar 2017 lögð fram.*

*Fundargerðin er í einum lið. Sá liður hefur þegar verið tekinn til umfjöllunar sveitarstjórnar undir dagskrárlíð 4.*

**14. EYÞING: Fundargerðir - 1611006**

*Fundargerð frá stjórn Eypings frá 6. janúar 2017 lögð fram.*

**15. Forstöðumannafundur: Fundargerðir - 1611048**

*Glæsur frá forstöðumannafundi 17. janúar 2017 lagðar fram.*

**16. Fráveitumál í Skútustaðahreppi – 1701019**

*Oddviti fór yfir stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu en unnið hefur verið að þessum málum á vegum umhverfisráðuneytisins og sveitarfélagsins. Beðið er eftir skýrslu frá EFLU og þá munu sveitarstjóri og oddviti hitta umhverfisráðherra og starfsmenn ráðuneytisins í næstu viku vegna málsins til að fylgja því eftir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:35**









